

# KRISTNIBOÐSFRÉTTIR

Fréttabréf Sambands íslenskra kristniboðsfélaga



sik.is



í trú, von og kærleika

## Fylgt úr hlaði

# Eitt nafn

Eitt nafn skiptir okkur meira máli en önnur. Það er nafnið Jesús, sem þýðir 'Drottinn frelsar'. Það þýðir að aðrar leiðir til frelsunar eru ófærar, Jesús er vegurinn til himinsins heim. Ekkert annað nafn er okkur gefið um víða veröld sem getur frelsað okkur (Post 4:12).

Þess vegna viljum við og er það köllun okkar að gera Jesú þekktan meðal þjóða heims. Við erum kristniboðssamtök sem vilja vitna um kærleika Guðs í Jesú Kristi. Við boðum fagnaðarerindið um hinn krossfesta og upprisna frelsara okkar. Við bendum á hann sem breytir öllu, gefur von, nýtt líf, sigur yfir illsku og dauða.

Það eru raunar mannréttindi að fólk fái að heyra og geti metið og tekið afstöðu sjálft til þessa boðskapar. Boðun fagnaðarerindisins, hvort sem er hér eða þar, er sáningarstarf, og við vökvum, en Guð gefur vöxtinn. Uppskeran er ekki í okkar höndum. Hún verður ekki kreist eða þvinguð fram. Uppskeran er lifandi fólk í lifandi samfélagi við Drottin. Hún er miklu meira en að játast ákveðinni kenningu eða trúarsannindum sem þó skiptir máli.

Þegar fagnaðarerindið hljómar kemur heilagur andi trúnni til leiðar í hjörtum þeirra sem heyra. Það höfum við séð ríkulega í starfi SÍK og þökkum Drottin. Ef ekkert heyrist kemst enginn til trúar. Með því að gera Jesú þekktan meðal þjóðanna tökum við þátt í að gefa fólki tækifæri til að losna úr margvíslegum fjötrum og eignast nýtt líf.

Lífið með Jesú er knúð áfram af náð hans sem fyrirgefur, kærleika hans sem elskaði okkur að fyrri bragði. Við höfum margoft séð að þar sem fólk vaknar þannig til lífsins vaknar jafnframt löngun til að nota líf sitt allt til góðs fyrir sjálfan sig og aðra. Og hluti þess er að vitna um trúna fyrir öðrum. Þannig margfaldast uppskeran.

Þegar aðalfundur SÍK ákvað árið 1952 að byggja kristniboðsstöð í Konsó í Eþíópíu og senda kristniboða þangað til starfa var hópurinn hvorki fjölmennur né ríkur að jarðneskum gæðum. En hópurinn hafði trú á Drottin. Og eftir ákvörðunina var fáni Eþíópíu dreginn að húni í Lindarrjóðri í Vatnaskógi þar sem fundurinn var haldinn og sunginn söngurinn: *Jesú nafn um aldri alda*. Nafnið sem hrekur burtu hatrið blinda, hreldum sálum veitir frið.

Nafnið Jesús. Engu líkt, kröftugra en öll önnur.

Nafnið Jesús felur í sér sigur yfir synd, skómm, dauða og öllu illu.

Nafnið Jesús felur í sér fyrirgefningu og hreinsun.

Nafnið Jesús gefur nýtt líf og knýr okkur til kærleika og starfa.

Gerum Jesú áfram þekktan meðal þjóða heims.

Ragnar Gunnarsson



## Kristniboðsfréttir

Fréttabréf Sambands íslenskra kristniboðsfélaga, SÍK.

Blaðið Kristniboðsfréttir segir frá kristniboðsstarfi í Eþíópíu, Keníu, Kína, Japan og víðar um heim. Þar má lesa um útvarps- og sjónvarpskristniboð sem SÍK styður í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Þá eru fréttir af heimastarfi félagsins, hugvekjur o.fl.

Hægt er að skrá áskrift með því að hafa samband við skrifstofu SÍK í síma 533 4900 eða með rafpósti til kristnibod@sik.is - annaðhvort prentaða útgáfu í almennum pósti eða með rafrænum hætti á rafpóstfang viðtakanda. Áskrift er ókeypis!

Ritstjóri: Ragnar Gunnarsson.

Útlit og uppsetning: Huguína Lena Hansdóttir.

Prófarkalestur og málfarstráðgjöf: Sigríður Jóhannsdóttir.

Prentun: Prentun - Leturprent.

Útgefandi er Samband íslenskra kristniboðsfélaga (SÍK), oft nefnt Kristniboðssambandið, Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík.

Sími: 5334900. Rafpóstur: sik@sik.is Vefslóð: www.sik.is

Framkvæmdastjóri er Ragnar Gunnarsson.

Forsíðumynd: Karl Jónas Gíslason. Frá útgáfuhátíð Bibliunnar í Konsó í febrúar sem leið.

## Hvað er kristniboð?

Kristniboð snýst um að gera Jesú Krist þekktan meðal þjóðanna með því að boða fagnaðarerindið um hann og sýna fólki kærleika Guðs í verki með kærleiksþjónustu sem veitt er án nokkurra skilyrða og nokkurra þvingana. Þannig hefur fólk verið hjálpað með ýmsum hætti á sviði heilsuverndar og heilsugæslu, menntunar og skóla-starfs, fræðslu um umhverfismál, trjárækt og sjálfbærni, með valdeflingu kvenna o.fl. SÍK tekur þátt í ýmsum verkefnum í Eþíópíu og Keníu með fjárframlögum og ráðgjöf og er með kristniboða í Japan. Með þátttöku í öflugum fjölmiðlastarfi fær fjöldi fólks tækifæri til að kynna Jesús Kristi í Mið-Austurlöndum, Norður-Afríku, Pakistan og Kína. Hagnýt ráð og hjálp veitir von og styrk. Á Íslandi er boðunar- og fræðslustarf á samkomum og fundum, með útgáfu lesefnis og birtingu á netinu. SÍK býður útflendingum ókeypis íslenskukennslu.

## Ejarmál

Starf SÍK er fjármagnað með frjálsum framlögum velunnara og áhugafólks, fjáröflun og sölu á nýjamarkaði Basarsins. Þjóðkirkjan styður starfið með árlegu framlagi, utanríkisráðuneytið styrkir afmörkuð verkefni eftir umsókn og Rannís íslenskukennslu fyrir útflendinga.

Hægt er að gerast stuðningsmaður starfsins með föstum greiðslum eða með því að greiða inn á bankareikning félagsins (0117-26-2800 / kt. 550269-4149). Fjárhagsáætlunin er um 100 milljónir á þessu ári. Nú eru gjafir að upphæð 10.000 til 350.000 á ári frádráttarbærar til skatts.

# Útgáfu Biblíunnar á konsómáli ákaft fagnað

Í Jesaja 55 segir Drottinn:

*Eins er því farið með orð mitt sem kemur af munni mínum, það hverfur ekki aftur til mín við svo búið heldur kemur því til leiðar sem mér þóknast og framkvæmir það sem ég fel því.*

Í október 1954 komu kristniboðarnir Kristín Guðleifsdóttir og Felix Ólafsson til starfa í Konsó. Í fyrra, 2023, var sýnóda, biskupsdæmi, stofnuð þar og 11. febrúar síðastliðin, tæpum 70 árum eftir komu Kristínar og Felix, fögnuðu Konsómenn útgáfu Biblíunnar á sínu eigin tungumáli.

Kristniboðarnir Guðlaugur og Karl Jónas Gíslasynir tóku þátt í hátíðarhöldunum. Báðir eiga þeir rætur að rekja til Konsó þar sem foreldrar þeirra, Katrín Þ. Guðlaugsdóttir og Gísli B. Arnkelsson, voru kristniboðar þar á árunum 1961–1972. Það var ólýsanleg tilfinning að verða vitni að gleði kirkjunnar.

Þýðing Biblíunnar hófst fyrir mörgum áratugum. Um 1995 sótti Mekane Yesus-kirkjan í Konsó um styrk til Kristni-boðssambandsins til eflingar þýðingarvinnu á Biblíunni. Lengst af stýrði Engida Kússía starfinu. Hið íslenska biblíufélag kom að þessu starfi með fjárframlögum og styrkti m.a. byggingu Biblíuhússins í Konsó. Nú hefur sú bygging lokið hlutverki sínu og hýsir sýnódukskrifstofu Rift Valley Synod í Konsó. Rétt er þó að taka fram að útgáfa Biblíunnar og annars fræðsluefnis er innan vébanda hennar í



Engida Kússía yfirmaður þýðingarvinnu og Getashew Gelebo forseti sýnóduunnar.

samvinnu við Hið eþíópíska biblíufélag.

Biblíuhátíðin hófst á laugardegi með ávörpum og mikilli gleði safnaða Konsó-héraðsins sem voru samankomnir í bænum. Drottinn var sannarlega sungið lof af öllu hjarta.

Hámark hátíðarinnar var svo á sunnudeginum þegar forseti sýnóduunnar ávarpaði söfnuðina og hina ýmsu gesti sem voru mættir til að fagna með Konsó-

mönnum. Engida Kússía ávarpaði samkomuna og fór yfir sögu þýðingarvinnu Biblíunnar. Að því loknu fluttu ýmsir gestir ávörp og kveðjur. Karl Jónas flutti kveðju frá Hinu íslenska biblíufélagi og Kristniboðssambandinu. Guðlaugur flutti kveðju frá foreldrum sínum. Að ávörpum loknum fengu svo gestirnir hina nýju Biblíu í hendur. Fyrsta prentun hennar nemur um 5.000 eintökum.

Fögnuður kirkjunnar er ólýsanlegur. Höfundur minnst barnæsku sinnar, sitjandi í kirkjunni í Konsó. Pabbi las úr Biblíunni á ensku, svo var túlkað á amharísku og síðan á konsómál. Í dag er lesið á konsómáli, svo á amharísku. Ræðan eða hugleiðingin svo einungis á konsómáli nema í undantekningartilfellum. Nú hljómar öll Biblían á tungumáli hjartans í Konsó. Þeirra eigin tungu. Við þökkum Guði fyrir þennan merka áfanga og biðjum þess að Biblían verði lesin sem víðast í Konsó, tali til fólks og verði mörgum til blessunar.

*Því að orð Guðs er lifandi og kröftugt og beittara hverju tvíeggjuðu sverði og smýgur inn í innstu fylgsni sálar og anda, líðamóta og mergjar, það dæmir hugsanir og hugrenningar hjartans (Heb 4.12).*

Karl Jónas Gíslason



# Frímerkjasalan sló nýtt met í fyrra - skyggst á bak við tjöldin

Kristniðoðssambandið, eða réttara sagt sjálfboðaliðar á vegum þess, hefur safnað og selt notuð frímerki í bráðum fjóra áratugi. Megnið af tímanum hefur Jarle Reiersen séð um þetta verkefni sem gjarman er kynnt undir kjörorðunum Hendum ekki verðmætum. Verkefnið hefur bólgað út og nú er einnig safnað gamalli og erlendri mynt og seðlum, sérmerktum pennum þó svo blekið sé búið og ótrúlegustu hlutum sem safnara falast eftir. En salan á frímerkjum, mynt og seðlum var óvenjugóð í fyrra og ástæða til að grennslast fyrir um ástæður þess og fleira tengt frímerkjasöfnuninni á tímum þegar frímerkjanotkun dregst saman með hverju ári sem líður.

Talsmaður Kristniðoðsfrétta hafði samband við Jarle til að fræðast aðeins meira um málið og manninn að baki. Jarle er norskur, menntaður dýralæknir, og hefur búið hér á landi ásamt fjölskyldu sinni frá árinu 1993. Hann hefur starfað hjá ríkisstofnunum og fyrirtækjum á sviði matvælaöryggis og dýraverndar en vinnur nú hjá Matvælastofnun.

Aðspurður hvenær hann hafi tekið við

verkefninu og hvernig það hafi komið til segir Jarle að hann sé búinn að sinna þessu frá 1999 eða í 25 ár.

„Þetta var upprunalega í höndum feðganna Hilmar Þórhallssonar og Friðriks Hilmarssonar Zimsen og megnið var selt beint til eins aðila í Danmörku. Ég var áhugamaður um frímerkjasöfnun og var í sambandi við Hilmar og bauð fram aðstoð og hjálp. Svo fór að ég var beðinn fyrir 25 árum að taka við verkefninu og gerði það með gleði, Hilmar var orðinn heilsulífill og þörf á breytingu. Þeir Friðrik lögðu góðan grunn, komu verkefninu af stað. Salan var þá um 200 þúsund krónur á verðlagi þess tíma. Í fyrra seldum við frímerki, mynt og seðla fyrir næstum 5 milljónir.“

## Ög hvað gerðir þú er þú tókst við verkefninu?

„Mér var umhugað að fá sem mest út úr frímerkjunum og sagði við tengiliðinn úti að nú yrðu breytingar, ég hafði sem frímerkjasafnari ýmis sambönd og leiðir til að fá meira inn fyrir kristniðoðið. Hann var ekki kátur með það sem er skiljanlegt þegar menn missa hagstæð viðskipti.

Ég hafði smáreynslu, hafði selt nokkur frímerkjasöfn fyrir einstaklinga. Ég nýtti mér sem sé nýjar leiðir og fór m.a. að bjóða safnara að kaupa hérlendis og einnig selja á netinu með aðstoð eBay. Seinni árin hefur salan breyst, nú eru sölusiður á Facebook þar sem auðvelt er að koma frímerkjum í verð, sem og seðlum/mynt. Annars vegar eru þetta sérstök og dýr frímerki sem seljast stök og hins vegar frímerki sem klippt eru af umslaginu og safnað í poka og seld eftir þyngd.“

## Nú er fólki sagt að best sé að fá umslögin með frímerkjunum á, eru þau svo klippt af?

„Já, ástæða þess að ég vil fá umslögin ef frímerkjin eru enn á þeim er að stundum eru sérstakir stimplar sem safnara eru að sækjast eftir og fæst meira fyrir þá ef ekki er búið að klippa frímerkjin af. Annars klippum við megnið af frímerkjunum af eftir settum reglum. Þar höfum við notið aðstoðar sjálfboðaliða og þörf fyrir fleiri. Ef einhver getur hugsað sér að aðstoða við það þá tökum við því fagnandi. Fyrst fá menn smánámskeið hjá mér eða Kalla





Jarle Reiersen

á Basarnum því þetta þarf að gera rétt og uppfylla ákveðin gæðaviðmið. Aftur snýst þetta um verðmæti.”

### En fleira var gert til að efla þetta verkefni?

„Já, við höfðum samband við Íslandspóst og var samþykkt að taka á móti frímerkjum á öllum pósthöfðum og síðan að senda þær til okkar í janúar. Það er enn í gangi en við höfum ekki auglýst það mikið síðustu árin. Þegar mest var fengum við 50 kassa eftir janúarsöfnun á pósthúsunum, en nú frekar fá.“

Þess má geta að nýverið sótti starfsfólk skrifstofunnar fjóra kassa af frímerkjum á pósthúsið í Síðumúla, sumt hafði safnast þar og annað verið sent.

### Nú var salan óvenjumikil í fyrra, hvernig stendur á því þegar frímerkjanotkun fer minnkandi?

„Samfélagið hefur breyst mikið á þessum 25 árum, nú senda fáir bréf, flest samskipti eru rafræn, á netinu, skeyti, skilaboð, bréf og gögn send. Og með aðstoð netsins er miklu auðveldara að hringja nánast hvar sem er og hvert sem er. Á móti kemur að upplag, t.d. íslensku frímerkjana, er minna en var áður. Þess vegna verða þau eftirsóknarverðari og dýrmætari en frímerkjin sem eru 40–60 ára gömul.“

Stundum fáum við frímerkjasöfn og þau gefa vel af sér; reyndar fer það eftir því hvernig þau eru. Aðalástæða þess að við seldum mikið í fyrra er sú að okkur tókst að selja meira af gömlum lager ef svo má segja sem safnaðist upp á COVID-tímanum. Þá

var niðursveifla í þessu sem okkur tókst að vinna upp að miklu leyti. Auk þess berst minna af frímerkjum en áður, en eins og ég benti líka á eru þau nýju oft verðmætari en þau gömlu.“

### Að halda þetta út og leggja alla þessa vinnu í þetta, hvað gefur það þér?

„Ég er frímerkjasafnari sjálfur, þetta er mitt áhugasvið. Þetta er besta leiðin fyrir mig til að slaka á. Ég gleymi stað og stund og næ að gleyma öllu stressi og áhyggjum. Þetta er eiginlega sálræn þerapía eða meðferð í daglegu amstri og stressi.“

Og svo er gott að þetta rennur til mikilvægra verkefna úti í heimi og verður öðrum til blessunar. Þetta er minn stuðningur eða mín þátttaka í kristniðóðsstarfinu, sem fylgir mikil blessun. Og þessi góða sala í fyrra var mikið gleðiefni og gerði að verkum að fjárhagshalli síðasta árs hjá SÍK varð minni en ella.“

### Ög þú þekkir það af eigin raun?

„Já, ég bjó á námsárunum um tíma á stúdentahemilinu á Fjellhaug í Osló og kynntist þar nemendum kristniðóðs-skólans sem er á sama stað. Ég eignaðist þar góða vini og það leiddi til þess að ég heimsótti Pókot í Keníu árið 1989. Þar fékk ég að sjá starfið með eigin augum og kynnast lífi og starfi kristniðóðanna.“

### Ög eitthvað að lokum?

„Já, ég minni á seðla og mynt fyrri ára og eins frá útlöndum, bæði gamalt og nýtt. Sigurjón Gunnarsson tók að sér að sinna þeirri deild. Erlendir peningar eru þá seldir til fólks sem er að fara til útlanda eða seldir söfnurum.“

### Ég þakka Jarle spjallið. Hann á mikið hrós skilið fyrir alla þá vinnu sem lögð hefur verið í verkefnið allan þennan tíma.

Tekið er á móti frímerkjum, mynt og seðlum á Basarnum, Austurveri, Háaleitisbraut 68, kl. 12–18 mánudaga til fimmtudaga og föstudaga 12–17 og eins á skrifstofu SÍK í Miðbæ, Háaleitisbraut 58–60, sem yfirleitt er opin kl. 9–16 en til kl. 14 á föstudögum. Yfir hásumarið er vissara að hringja á undan til að vera viss um að einhver sé örugglega við. Síminn á skrifstofu SÍK er 533 4900 og á Basarnum 562 6700.

Ragnar Gunnarsson

## Sat7 miðlar von og boðar frið

Kristilega og samkirkjulega sjónvarpsstarfið Sat7 gegnir mikilvægu hlutverki í deilum og stríðsátökum í Landinu helga. Nú er rúmt hálf tölva frá því að stríðið hófst. Margt kristið fólk á Gaza hefur misst heimili sín og búið í kirkjunni sinni síðastliðið hálf tölva. Erfitt er að nálgast mat og það sem er til er mjög dýrt. Kraftmikill vitnisburður ungs manns í þættinum Þú ert ekki einn hafði áhrif á marga. Sjá nánar á sat7.org. Margir hlutu huggun og styrk til að halda út í von um betri tíð þegar páskar voru haldnir á svæðinu í byrjun maí en páskahald á svæðinu fylgir tímatali rétttrúnaðarkirkjunnar. Prédikunum um hinn upprisna frelsara var sjónvarpað og voru mörgum til hjálpar. Starfsfólk Sat7 átti gott samtal við marga um innihald og merkingu páskanna en samskipti í síma, á netinu eða samfélagsmiðlum eru afar mikilvægur þáttur í starfi Sat7.

## Vinna að bættum hag kvenna

Sat7 reynir með ýmsum hætti að nálgast konur í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Sérstök dagskrá leggur áherslu á jafnrétti kynjanna og trúfrelsi. Í öðrum dagskrárlíð á farsí-rás stöðvarinnar er unnið að því að afhjúpa kynferðislegt ofbeldi.

Konur eru oft illa eða ekkert menntaðar og ráða sér takmarkað sjálfar í þessum löndum. Skólasjónvarp Sat7 hefur einnig stutt við bakíð á konum; þó svo það sé sjónvarpsskóli fyrir börn, hafa margar konur náð tölva á lestri og skrift með því að fylgjast með kennslunni.



## Minningarorð:

# Gísli B. Arnkelsson kristniðoði og kennari (1933-2024)

Gísli Arnkelsson lést á annan dag páska, 1. apríl sl. En hann og eftirlifandi eiginkona hans, Katrín Þ. Guðlaugsdóttir, voru meðal frumkvöðla kristniðoðsstarfsins í Konsó í Eþíópíu á 7. áratug síðustu aldar. Kristniðoðssambandið (SÍK) hafði tekið að sér að byggja upp og manna kristniðoðsstöð í Konsó sem var sannarlega á hjara veraldar á þessum tíma. Fólk sem til þekkti var ekki bjartsýnt á árangur af starfinu en Guð gerði mikla hluti og kirkjan í Konsó er orðin jafnfjöldmenn þjóðkirkjunni hér heima.

Fyrstu kristniðoðarnir komu til Konsó 1954 og Gísli og Katrín nutu þess að þegar var búið að plægja akurinn í nokkur ár, söfnuður var stofnaður og boðskapurinn um að Jesús væri sterkari en Satan breiddist út meðal fólksins. Mikið uppbyggingarstarf beið þeirra, áskoranir og verkefni af ýmsu tagi. Grunnskólinn var stækkaður og sjúkraskýli stækkað í heilsugæslustöð með mörgum rúmum enda þjónaði hún stóru svæði. Bæta þurfti aðgengi að vatni, koma upp öflugum ljósamótor, sinna viðgerðum og ótalmörgu öðru. Langt var í verslanir og sumt fékkst bara í höfuðborginni en ferð þangað tók 2-3 daga og jafnvel vikur á rigningartímanum. Starfið allt var unnið í bæn til Drottins þar úti og hér heima.

Boðun fagnaðarereindisins um Jesú var frumköllunin og það sem breytti mestu fyrir Konsómenn. Það var þó ekki átakalaust og reyndu ýmsir í lykilstöðu að hamla framgöngu starfsins. Endaði það með kærum og fangelsun samstarfsmanna en

einnig að lokum með sigri réttvísinnar. Án efa tóku þessi mál á og eins þegar börnin fóru alla leið til höfuðborgarinnar í nám og bjuggu á heimavist langt að heiman, en sú tilhögun var talin heppilegust á þeim tíma.

Tvennt man ég að þau hjónin minntust á oft en einu sinni, annars vegar að árin í Konsó hefðu verið 10 bestu ár þeirra og hins vegar að þau hefðu átt einstaklega gott samstarfsfólk sem vann með þeim í starfinu. Markmiðið var alltaf að kirkjan yrði sjálfstæð og heimamenn tækju við stjórninni sem reyndist tiltölulega auðvelt vegna góðs sambands, vináttu og trausts milli kristniðoðanna og heimamanna. Samband og samstarf við séra Berrisha Hunde var einstakt. Hann var sannkölluð Guðs gjöf til kristniðoðsins og til síns fólks. Berrisha heimsótti Ísland árið 1974.

Að starfstíma loknum í Eþíópíu var Gísli valinn til forystu fyrir SÍK og starf þess hér heima og erlendis. Því sinnti hann af einlægni og alúð í 12 ár. Gísli var persónulegur og hreinskilinn um skoðanir sínar og tilfinningar.

Þau hjónin heimsóttu á eigin kostnað bæði Eþíópíu og Keníu árið 1984, en þá vorum við hjónin á öðru ári starfs okkar úti. Var þessi heimsókn afar dýrmæt og uppörvandi fyrir okkur, að geta rætt það sem við glímdum við í starfinu við þessa reyndu kristniðoða. Án hennar hefði röðurinn án efa orðið þyngri.

Eftir að undirritaður tók við sem framkvæmdastjóri SÍK hringdi Gísli oft, ekki síst fyrstu árin, til að fá fréttir og uppörva mann, hvetja og þakka fyrir það sem hann



var ánægður með.

Nú er tími til að þakka allt hið góða sem Gísli var kristniðoðsstarfinu. Kveðjur bárust SÍK frá fyrrum samstarfsfólki í Konsó. Gísli er sárt saknað, hann var andlegur faðir ótalmargra Konsóbúa, starf hans var vissulega blessunarrikt. Hann hafði einnig áhrif á marga hér á landi í þá átt að efla áhuga á kristniðoðsstarfinu. Drottinn blessi minningu Gísla.

*Ragnar Gunnarsson  
framkvæmdastjóri SÍK*

## Góðar gjafir

SÍK fékk á dögnum arf eftir hjónin Magnús Kristinsson og Grétu Bachmann að upphæð kr. 7,7 milljónir. Magnús lést fyrir fimm árum og Gréta fyrir rúmu ári. Þau voru virk í starfi Kristniðoðssambandsins og lögðu því lið með ýmsum hætti. M.a. sat Magnús í fjáröflunarnefnd í nokkur ár

og sá um að stýra vinnu sjálfboðaliða við að þakka jólakortum og mannakornum um nokkurra ára skeið. Þar fyrir utan voru þau virkir félagar í kristniðoðsfélögunum og studdu við margvísleg verkefni.

Þá má einnig nefna að börn Emilíu Óskar Guðjónsdóttur hjúkrunarfræðings

heiðruðu minningu hennar með hálfra milljónar króna gjöf til kristniðoðsins, enda var það starf henni afar mikilvægt. Hún var í áratugi lykilmanneskja í Kristniðoðsfélaginu í Keflavík og eins Kristniðoðsfélagi kvenna eftir að hún fluttist til Reykjavíkur.

## Eréttir af aðalfundi og fjármálum

Aðalfundur SÍK var haldinn miðvikudaginn 24. apríl. Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf. Framkvæmdastjóri flutti skýrslu starfsins og kynnti starfsáætlun fyrir starfsárið 2024-2025.

Guðlaugur Gunnarsson gjaldkeri stjórnar kynnti endurskoðaðan ársreikning fyrir árið 2023, fór yfir helstu tölur og kynnti fjárhagsáætlun yfirstandandi árs.

Stjórnarfolk sem ganga átti úr stjórn og varastjórn var allt endurkjörið. Nokkrar umræður urðu um starfið undir liðnum Önnur mál. Rúmlega 30 manns sóttu fundinn að kvöldi síðasta vetrardags.

### Halli á liðnu ári

Samkvæmt ársreikningi var halli liðins árs 10,5 milljónir að öllum liðum meðtöldum. Munar þar mestu um óvenjumikið viðhald fasteigna, einkum í Austurveri, á liðnu ári. Eins var ráðist í stólakaup fyrir

Kristniboðssalinn sem ekki voru á fjárhagsáætlun. Hallanum er mætt með arfi sem SÍK fékk árið 2022. Einnig kom fram að tekjur Basarsins jukust milli ára og eins sölutekjur af frímerkjum, mynt og seðlum, svo sem fram kemur annars staðar í blaðinu.

Við kynningu á fjárhagsáætlun kom fram að gert er ráð fyrir halla- og hagnaðarlausum rekstri í ár. Síðan þá hefur jákvætt svar borist við umsóknum um tvö þróunarverkefni í Keníu sem sendar voru utanríkisráðuneytinu. Framlag þess er um 25 milljónir og mótframlag SÍK og annarra rúmar 5 milljónir. Hækkar fjárhagsáætlunin sem þessu nemur.

Samkvæmt starfsáætlun verður áfram reynt að efla fjölmennings- og frumkvöðlastarf, s.s. krílasálma, unglingsakór, fjölskyldusamverur og starf meðal ungmenna með ýmsum hætti.



Ásta Bryndís Schram, formaður stjórnar SÍK setti fundinn.

## Kristniboðsvikan með fjölbreyttri dagskrá

Kristniboðsvikan var haldin dagana 25. febrúar til 3. mars sl. Yfirskriftin var Til endimarka jarðarinnar. Nokkrar samkomur og fræðslustund voru í Kristniboðssalnum sem og unglingsamvera þar sem 70 manns komu saman. Á mánudeginum var vikulegur þáttur á Lindinni, Köllun og kristniboð, sem Helga Vilborg Sigurjónsdóttir sér um. Á laugardeginum voru tónleikar í Filadelfíu en þar komu fram nemendur og kennarar Tónskóla Þjóðkirkjunnar og léku á orgel kirkjunnar, Keith Reed og Ásta Bryndís Schram léku og sungu nokkur lög ásamt dætrum sínum og Karlakór KFUM söng nokkur lög. Ókeypis var inn en samskot tekin til starfsins.

Lokasamvera vikunnar var fjölskyldusamkoma síðdegis á sunnudeginum. Þar hafði Margrét Jóhannesdóttir hugleiðingu og sérstaklega var beðið fyrir Janet Maríu Sewell og Mehran Mohammedrezaei sem starfa á vegum SÍK meðal farsímælendi fólks í London og sinna verkefnum fyrir Lausanne-hreyfinguna í Evrópu. Þau tóku þátt í flestum samverum vikunnar og Janet heimsótti einnig Akureyri þar sem hún sagði frá starfinu á samkomu á vegum Kristniboðsfélags Akureyrar í Sunnuhlíð.



# Íslenskukennslan

Í níu ár hefur Kristniboðssambandið boðið upp á íslenskukennslu fyrir útlendinga þeim að kostnaðarlausu. Þetta starf er í stöðugum vexti sem er einstaklega ánægjulegt en það felur einnig í sér töluverðar áskoranir. Í vetur hefur staða umsækjenda um alþjóðlega vernd haft mikil áhrif, mörgum nemenda okkar hefur verið vísað úr landi, nokkrir hafa áfrýjað úrskurði og margir eru enn í biðstöðu og óvissu. Við reynum eftir bestu getu að vera til staðar fyrir nemendur sem leita gjarnan til okkar. Þetta er ekki alltaf einfalt þar sem flestir nemenda tala yfirleitt ekki annað en móðurmálið sitt sem í flestum tilvikum er spænska eða persneska en Guð hefur sannarlega brúað bilið og við höfum fengið mörg tækifæri í vetur til að biðja með nemendum og vitna fyrir þeim.

Í upphafi árs var skiptingin í hópnum þannig að u.þ.þ 45% nemenda voru spænskumælandi, langflestir frá Venesúela, og 45% persneskumælandi frá Afganistan og Íran. Um 10% nemenda eru svo frá öðrum þjóðlöndum með önnur tungumál. Þegar leið á önnina fækkaði Venesúelafólkinu töluvert vegna brottvísana en það hefur tekið mikið á að þurfa að kveðja fólk sem við höfum fengið að kynnst vel og einnig að vita ekki um afdrif sumra. Það fækkaði þó ekki í nemendahópnum því fjöldi Írana og Afgana hefur tvöfaldast á móti. Nokkrir Írananna eru kristnir og hafa þurft að



Frá vorferð íslenskukennslunnar í Vindáshlíð.



flýja heimalandið vegna trúar sinnar. Þeir sem ekki eru kristnir eru fólk sem gefist hefur upp á íslam og hefur í flestum tilfellum tekið þátt í mótmælum gegn íslömskum stjórnvöldum í heimalandinu. Þessir einstaklingar eru mjög opnir fyrir fagnaðareringinu. Sérstaklega þeir sem yngri eru vilja læra um Jesú og það er mikil blessun að hafa tengslið við Mehran Mohammedrezai í London sem er þegar í samskiptum við einhverja nemendur hér á landi með aðstoð netsins.

Afganarnir eru nánast undantekningarlaust múslimar. Það er fallett að sjá hvernig þessi tveir hópar þó tengjast þar sem þeir skilja hvor annan. Darí sem talað er í Afganistan og farsí sem talað er í Íran eru hvort tveggja persnesk mál og eru álíka lík og norska og sænska. Það er fyrirbænaefni að fagnaðareringið nái hjörtum Afgananna og þar trúi ég að Íranarnir geti verið farvegur fyrir blessun Drottins.

Við erum alltaf jafn þakklát fyrir sjálfbóðaliðana okkar sem trúfastlega koma og sinna starfi sínu af alúð hvort sem það er að kenna nemendum íslensku eða mæta þeim í kærleika.

Íslenskukennslan er í mínum huga fyrst og fremst kærleiksbjónusta og það hefur verið stórkostlegt að sjá núna í vetur hvernig Guð er einnig að opna leiðir fyrir fagnaðareringið.

Við enduðum veturinn á vel heppnaðri vorferð í Vindáshlíð í dásamlegu veðri. Þar gengum við að Pokafossi, áttum góða stund í kirkjunni og fengum svo ljúffengan heimalagaðan hádegisverð í skálanum. Eftir matinn var svo góða veðrið nýtt til leikja og útiveru áður en keyrt var aftur í bæinn. Nemendurnir voru alveg í skýjunum með daginn. Á Facebook-síðu SÍK má finna stutt myndband úr ferðinni.

Helga Vilborg Sigurjónsdóttir

# Af Keníu

## Vöxtur starfsins kallar á skipulagsbreytingar

Starfið í Keníu hefur þanist út og Norðvesturbiskupsdæmi kirkjunnar, ELCK, nær inn í margar sýslur og einnig inn í Úganda. Í janúarlok var biskupsdæminu skipt í tvennt með stofnun annars, Keriodalsbiskupsdæmisins sem nær yfir starfssvæði sem norskir kristniðóðar sinntu frá Sekeri og Chesta en einnig falla Baringo- og Turkanasýslur þar undir.

## Utanríkisráðuneytið styrkir verkefni í Keníu

SÍK hefur fengið jákvætt svar við tveim umsóknum um styrk til þróunarverkefna í Pókotsýslu í Keníu. Annars vegar um 20 milljónir vegna uppbyggingar við þrjá framhaldsskóla í héraðinu og hins vegar tæpar 5 milljónir vegna verkefnis sem miðar að því að styrkja stúlkur til að ljúka framhaldsskóla- og háskólanámi. Hluti verkefnisins er símenntun og námskeið

með skólastjórnendum til að efla þá til starfa og auka samstarf þeirra á milli.

Í haust var gerð úttekt á verkefnum sem utanríkisráðuneytið hefur styrkt á liðnum árum. Gerð lokaskýrslu úttektarinnar hefur dregist en skýrslan er væntanleg fyrir mánaðamótin maí/júní. Hún verður m.a. birt á vef utanríkisráðuneytisins.

## Kynnisferð á slóðir kristniðóða í Keníu

Kjartan Jónsson, kristniðóði og fyrrum sóknarprestur, hefur á liðnum árum farið nokkrar ferðir með fólk til að kynna starfi SÍK í Pókothéraði í Keníu. Nú er stefnt að nýrri ferð dagana 15.-27. janúar 2025. Kostnaður er áætlaður 400-450 þúsund á mann en ræðst af flugfargjaldi og fleira. Á dagskrá er heimsókn í þjóðgarð, skoðunarferð um Nairobi og 6 náttu ferð til Pókot þar sem söfnuðir og skólar verða heimsóttir og fræðst um land og þjóð.

Áhugasamir geta haft beint samband við Kjartan í síma 863 2220 eða með pósti á kjartan34@gmail.com. Eins gefur framkvæmdastjóri SÍK upplýsingar, sími 533 4900 og póstfangið er ragnar@sik.is.

## UL

Undanfarin ár hefur íslenskum ungmennum staðið til boða þátttaka í landsmóti æskulýðshreyfingar norska Kristniðóðssambandsins (Misjonsambandet Ung). Íslendingar fá frían aðgöngumiða á mótið og fría gistingu í skólastofum. Um 3000 ungmenni á aldrinum 15-30 ára taka þátt í mótinu og einstakt tækifæri fyrir kristin íslensk ungmenni að fá að vera með.

13 Íslendingar eru skráðir á mótið sem haldið verður í sumar, dagana 23.- 28. júlí, í Stafangri. Með þeim fara sem fararstjórar frá Kristniðóðssambandinu þær Sara María Gunnarsdóttir og Helga Vilborg Sigurjónsdóttir. Í blaðinu má lesa frásögn Davíðs Ómars Kristjánssonar sem tók þátt í mótinu í fyrra.

Enn er möguleiki að bætast við hópinn og má óska eftir upplýsingum með því að senda póst á helga.vilborg@sik.is.

## Reynslusaga þátttakanda

Sumarið 2023 fylgdi ég fjögurra manna hópi frá Íslandi á eitt stærsta kristilega mót í heimi. Þetta mót er þekkt sem UL (Ungdommens Landsmøte) og er haldið í Noregi ár hvert. Það var mikið fjör hjá hópnum og tókum við þátt í alls konar skemmtilegri dagskrá sem boðið var upp á. Það voru samkomur á hverjum degi, tvær á dag og voru þær ekki aðeins fróðlegar með stórkostlegri lofgjörð heldur voru þær einnig skemmtilegar. Stundum eftir lofgjörðina var settur upp eins konar spjallþáttur á sviðinu þar sem fyndið og skemmtilegt uppistand átti sér stað. En fyrir utan samkomurnar var heill heimur af afþreyingu í boði. Við gátum farið t.d. á brimbretti, í litabolta og lazer tag, hægt var að skrá sig í fótboltakeppni, blakkeppni og svo gæti ég lengi talið áfram. Á bílastæðinu fyrir utan kirkjuna sem samkomurnar voru haldnar í var búið að setja upp risastórt tjald og þar inni var stór matsalur, tugir bása þar sem biblíuskólar voru auglýstir, sala á fatnaði, mat, gosdrykkjum og ís en ísinn var furðuódyr enda nutum við þess í botn. Noregur er fallett land og þrátt fyrir að mótið sé helsti hluti ferðarinnar þá er það alltaf góð hugmynd að fara og ferðast eitthvað. Mér þótti þetta hreint einstaklega góð upplifun og ætla að fara aftur í sumar.

*Davíð Ómar Kristjánsson*



## Sumargjöf til kristniþoðsins - fékkstu valkröfu?

Að venju voru stofnaðar valkröfur seinni hluta maímánaðar sem birtust í heimaþönkum áskrifenda Kristniþoðsfrétta til að auðvelda þeim sem vilja styrkja starfið að gera það og gefa sumargjöf. Seinni valkrafa ársins verður send út í nóvember. Hvor er að upphæð 5.000 kr. sem samanlagt gerir 10 þúsund en það er lágmarksupphæð gjafa á ári til að njóta skattaafsláttar til samtaka á almannaheillaskrá.

Þetta eru valkröfur en ekki innheimta, hver og einn gerir eins og viðkomandi vill. Eftir rúma þrjú mánuði falla valkröfurnar niður.

„Guð elskar glaðan gjafara,“ segir í Rltningunni. Þau orð minna okkur á að gefa með gleði, gefa af glöðu hjarta, í elsku til Drottins og náungans. Ef okkur finnst við þvinguð eða þrýst á okkur er hætt við að gleðina vanti, en hún verður næg ef gjafmildi ræður hjartanu

Kærar þakkir og Drottinn blessi þig sem notar tækifærið með þessari valkröfu eða kýst að gefa aðra upphæð með millifærslu á reikning nr. 0117-26-002800, kt. 550269-4149.

*Ragnar Gunnarsson  
framkvæmdastjóri SÍK*



## Ungmennakórinn Filía



Ungmennakórinn Filía var stofnaður í Kristniþoðssalnum í byrjun febrúar. Kórinn skipa nú 10 ungmenni, aðallega stúlkur og ungar konur á aldrinum 14–25 ára. Nafnið, Filía, er komið úr grísku og merkir 'kærleikur til vina' eða 'vinátta'. Kórinn hélt velheppnaða tónleika í Kristniþoðssalnum 2. maí og laugardaginn 4. maí var farið í vorferð upp á Akranes þar sem meðal annars var sungið fyrir og með heimilisfólki á Höfða, dvalarheimili aldraðra. Það er von okkar að þetta sé bara rétt byrjunin á einhverju meira og stefnir kórinn að skemmtilegri dagskrá, m.a. jólatónleikum á haustönn. Það er pláss fyrir fleiri söngvara og geta áhugasamir haft samband við stjórnandann Helgu Vilborgu með netfanginu [helga.vilborg@sik.is](mailto:helga.vilborg@sik.is).

## Opið hús fyrir ungt fólk

Í apríl var farið af stað með opið hús fyrir ungt fólk á þriðjudagskvöldum. Hugmyndin er að reyna að tengja kristin ungmenni við ungt fólk sem sækir íslenskukennsluna og íslensk ungmenni sem ekki eru virk í kirkjustarfi. Opnu húsin hafa verið mjög vel sótt og fjölgar í hvert skipti. Ekki er nein sérstök dagskrá en mikið hefur verið spilað,

spjallað og leikið og kvöldin enda svo á Guðs orði, bæn og lofgjörð. Sara María Gunnarsdóttir, starfsmaður SÍK í ungmennastarfi, hefur umsjón með opna húsinu og henni til aðstoðar er Angela Joransen sjálfboðaliði. Áætlað er að halda áfram með opið hús út maí.





## Sumarmót að Löngumýri

Árlegt sumarmót Kristniboðssambandsins verður að venju á Löngumýri í Skagafirði og í ár haldið dagana 19.-21. júlí. Dagskrá verður með nokkuð hefðbundnu sniði:

**Föstudagur 19. júlí**  
21:00 Samverustund

**Laugardagur 20. júlí**  
8:30 Bænastund  
10:00 Biblíulestur  
11:00 Samræður og samfélag um efni biblíulesturs  
17:00 Kristniboðsstund með Leifi Sigurðssyni kristniboða  
20:00 Vitnisburðarstund. Umsjón: Kristniboðsfélag karla

**Sunnudagur 21. júlí**  
8:30 Bænastund  
11:00 Guðsþjónusta í Hóladómkirkju. Leifur Sigurðsson kristniboði prédikar.  
14:00 Kveðjustund

Skráning á mótið fer fram á Löngumýri þar sem hægt er að panta svefnpláss inni og mat, eða panta tjaldstæði og vera með eigin mat, eða í sameiginlegum mat að einhverju eða öllu leyti. Síminn er 453 8116 og eins er kjörið að senda tölvupóst á netfangið langamyri@kirkjan.is

## Krílasálmar

Krílasálmar eru tónlistarstundir fyrir foreldra með ung börn og njóta alltaf mikilla vinsælda. Á sama tíma og foreldrar eiga gæðastundir með börnum sínum eru þeir líka góð leið til að læra íslensku í gegnum söng og leik. Flestar fjölskyldurnar sem taka þátt eru erlendar og margir foreldranna nemendur í íslenskukennslunni en einnig hafa komið fjölskyldur úr hverfinu og fólk sem hefur tengst okkur á árum áður, m.a. í gegnum KRUNG-ferðirnar, sem er afar ánægjulegt. Krílasálmarnir eru nú komnir í sumarfrí en stefnt er að því að halda áfram í haust.

Umsjón með krílasálmunum er í höndum Helgu Vilborgar Sigurjónsdóttur, starfsmanns SÍK sem er menntuð tónmenntakennari og söngkona og með henni starfar Angela Joransen myndlistarkennari sem sjálfboðaliði.

## Fjölskyldusamkomur

Í vetur voru haldnar fjölskyldusamkomur fyrsta sunnudag hvers mánaðar í samstarfi við Salt kristið samfélag og Íslensku Kristskirkjuna. Samkomurnar gengu vel og dagskráin var góð en mætingin var mjög misjöfn. Samkoman í desember var mjög vel sótt en þá komu margar fjölskyldur úr íslenskukennslunni og einnig krílasálmafjölskyldur. Hugmyndin með samkomunum var að skapa vettvang, ekki síst fyrir félagsfólk, til að koma með börn og barnabörn og tengja þau við starfið okkar en það hefur kannski ekki tekist sem skyldi að ná til þess hóps. Tekin hefur verið ákvörðun um að halda áfram með einhvers konar fjölskyldusamverur næsta vetur og undirbúa og auglýsa vel.



## Hendum ekki verðmætum!

SÍK safnar frímerkjum, gamalli og nýrri mynt og seðlum, innlendum sem erlendum. Allt er selt fyrir hámarksverð til styrktar starfi SÍK.

Skilastaðir eru skrifstofa SÍK og Basarinn Austurvegi. Póstfangið er Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík. Á Akureyri: Jón Oddgeir Guðmundsson í Litla húsinu.



# Á döfinni

## Leifur og fjölskylda væntanleg

Katsuko og Leifur Sigurðsson kristniboðar eru væntanleg frá Japan til Íslands seinni hluta júnímánaðar. Þau munu dveljast hér í 10 vikur og að hluta vinna og sinna málum fyrir SÍK og að hluta taka sumarleyfi sitt hér. Þau snúa aftur til Japans um miðjan september.

## Sumarmót að Löngumýri 19.-21. júlí

Árlegt sumarmót SÍK. Samverur og samfélag. Sjá nánari umfjöllun annars staðar í blaðinu.

## Kirkjudagar - þátttaka 25. ágúst - 1. sept.

Þjóðkirkjan stendur fyrir svonefndum Kirkjudögum í Lindakirkju dagana 25. ágúst til 1. september. Til stendur að SÍK hafi kynningarbás á staðnum og að ein eða fleiri málstofur verði helgaðar kristniboði með einhverjum hætti.

## Hautmarkaður 14. september

Stefnt er að árlegum hautmarkaði laugardaginn 14. september. Uppskera sumarsins, matvæli og ýmislegt til heimilishalds til sölu á góðu verði. Fylgist með er nær dregur.

## Fjölskyldumót 11.-13. október

Fyrirhugað fjölskyldumót með Íslensku Kristskirkjunni og Salti kristnu samfélagi verður helgina 11.-13. október í Vatnaskógi. Nánar auglýst er nær dregur.

## Kristniboðsdagurinn 10. nóvember

Kristniboðsdaginn, sem að jafnaði er annan sunnudag í nóvember, ber í ár upp á 10. nóvember. Hefðin er að SÍK tengist útvarpsguðspjónustu dagsins og Kristniboðsfélag karla verður með kaffisölu í Kristniboðssalnum.

## Jólabasar Kristniboðsfélags kvenna 16. nóvember

Konurnar í Kristniboðsfélagi kvenna verða að venju með jólabasar sinn í Kristniboðssalnum laugardaginn 16. nóvember. Fylgist með er nær dregur.

## Samkomur á miðvikudögum

Að venju eru samkomur eða fræðslustundir í Kristniboðssalnum alla miðvikudaga ársins, nema um jól og í júlí. Hlé verður því þegar flestir eru á ferðinni og nýta sér björt sumarkvöldin.



# Kjarni kristinnar trúar

# C. S. LEWIS

Bókin *Kjarni kristinnar trúar* sem út kom í desember sem harðspjaldabók er uppseld hjá forlaginu, Salti ehf., en er enn til í einhverjum bókaverslunum, Kirkjuhúsinu og Jötunni.

Stefnt er að því að gefa út bókina sem kilju í haust, væntanlega í ágúst eða september.

Einnig er unnið að því að koma henni í sölu sem raðbók fyrir Kyndil á Amazon og ætti að verða aðgengileg þar um það leyti sem blaðið kemur út.

[saltforlag.is](http://saltforlag.is)

SALT